

**Ed.**

## **124. Frumvarp til laga**

um greiðslu verðlagsuppbótar á laun embættismanna og starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Frá 1. janúar 1940 skal greiða verðlagsuppbót á laun allra embættismanna og starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

2. gr.

Við ákvörðun þessarar verðlagsuppbótar skal fylgt þeim reglum, sem settar eru í 2. gr. laga nr. 51 12. febr. 1940, þannig, að til 1. flokks skulu teljast laun allt að 270 kr. á mánuði, til 2. flokks laun frá 270—360 kr. á mánuði og til 3. flokks laun yfir 360 kr. á mánuði. Þó má lágmark launa og uppbótar samanlagt í herra launaflokki ekki vera lægra en hámark launa og uppbótar í næsta flokki fyrir neðan.

3. gr.

Nú tekur sami maður laun eða þóknun úr ríkissjóði fyrir fleira en eitt starf, og skal þá reikna verðlagsuppbótina af laununum samanlagt.

4. gr.

Verðlagsuppbót greiðist einnig á eftirlaun og styrktarfé samkv. 18. gr. fjárlaga. Hafi maður, sem nýtur eftirlauna eða styrktarfjár, einnig launað starf úr ríkissjóði, greiðist verðlagsuppbótin af fjárhæðunum samanlagt.

5. gr.

Nú fylgja embætti eða starfi hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, fritt ljós og hiti o. s. frv., og greiðist ekki verðlagsuppbót á slík hlunnindi. Á húsaleigustyrk greiðist ekki heldur verðlagsuppbót.

6. gr.

Embættismönnum, sem fá greitt skrifstofufé úr ríkissjóði, er heimilt að greiða starfsfólki sínu verðlagsuppbót samkvæmt þeim reglum, sem að framan greinir, gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði, eftir reikningi, er fjármálaráðherra úrskurðar.

7. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist á laun embættismanna að viðbætti þeirri dýrtíðaruppbót, sem nú er greidd samkvæmt lögum.

8. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist eftir á, fyrir hvern ársfjórðung í senn, og miðast við vísitölu þá, sem ákveðin er í byrjun ársfjórðungsins.

9. gr.

Rísi ágreiningur út af flokkun launa eða ákvörðun og greiðslu verðlagsuppbótar samkvæmt lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr, en heimilt er að leggja ágreininginn undir úrskurð dómstólanna.

10. gr.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 51 12. febr. 1940 falla úr gildi með gildistöku þessara laga.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Í 5. gr. laga nr. 51 12. febr. 1940, um gengisskráning og ráðstafanir í því sambandi, er ríkisstjórninni gefin heimild til þess að ákveða í reglugerð verðlagsuppbót á laun embættismanna og annara starfsmanna ríkisins, svo og ríkisstofnana. Gerði fjármálaráðuneytið uppkast að reglugerð um þetta efni. En svo var horfið að því ráði að bera málið fram á Alþingi, og flytur fjárhagsnefnd frumvarp þetta að tilmælum fjármálaráðherra. Greinargerð sú, sem fer hér á eftir, er rökstuðningur sá, sem fjármálaráðuneytið hafði samið við reglugerðarfrumvarpið.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að bera fram eða vera með breytingartillögum um einstök atriði frumvarpsins.

Höfuðtilgangur laga nr. 51 12. febr. 1940 er 1) að ákveða sölugengi erlends gjalds eyris og 2) að setja reglur um breytingu kaupgjalds verkamanna, sjómanna, verksmiðjufólks og iðnaðarmanna, miðað við breytingu framfærslukostnaðar í Rvík frá meðalverðlagi mánuðina jan.—marz 1939, og eru um þetta sett allglögg og ýtarleg ákvæði í lögnum.

Undir þinglokin í vetur var svo bætt inn í löginn almennri heimild fyrir ríkisstjórnina til að ákveða með reglugerð verðlagsuppbót á laun embættismanna og annara starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana. Nánari fyrirmæli um ákvörðun þessarar verðlagsuppbótar eru ekki í lögnum. Í fljótu bragði mætti því líta svo á, sem Alþingi hefði með þessu veitt stjórninni óskoraða heimild til að ákveða, hve há uppbótin skuli vera, og allt annað, er að framkvæmd þessa ákvæðis lýtur. Þetta hefir þó vafalaust ekki verið tilgangur Alþingis. Í 4. gr. laganna er lagt bann við því að hækka launagreiðslur í landinu yfirleitt á þessu ári meira en svarar til hækkunar á kaupgjaldi verkamanna og annara samkv. 2. gr., og virðist þetta bann einnig hljóta að ná til embættis- og starfsmanna ríkisins. Frekar mætti líta svo á, að stjórnin væri ekki bundin við hámark laganna, en gæti ákveðið uppbótina lægri en gert er ráð fyrir í 2. gr., en af umræðum um málið á Alþingi og að ákvæðið er sett inn í löginn án frekari skýringa þykir mega ráða, að ætlazt hafi verið til, að verðlagsuppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins yrði ákvæðin á sama hátt og þeirra, sem um ræðir í 3. gr., að svo miklu leyti, sem við verður komið.

Ákvæði 5. gr. tekur fyrst og fremst til allra embættismauna ríkisins og starfsmanna, sem taka laun úr ríkissjóði beint eða óbeint, svo sem starfsfólks pósts og síma, verzlunar-, útgerðar- og iðnfyrirtækja ríkisins. Hitt er ekki eins ljóst, hvort því er einnig ætlað að ná til annara stofnana, sem almennt eru taldar til ríkisstofnana, en hafa fjárhag sinn aðskilinn frá fjárhag ríkisins, svo sem Landsbankinn, Tryggingarstofnun ríkisins, Brunabótafélag Íslands, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélagið. En bæði er það, að ákvæðið er svo almennt orðað, að það tekur til þessara stofnana sem annara og þörfin til launuppbótar fyrir starfsmenn þeirra jafnbrýn og annara, að álykta verður, að þær hafi einnig verið hafðar fyrir augum, er löginn voru sett, en framkvæmd þessa ákvæðis yrði þó að sjálfsögðu í höndum stjórna hlutaðeigandi stofnana, sem ráða að lögum starfsfólkið og ákveða launakjör þess.

Reglurnar í 2. gr. eru eingöngu miðaðar við tímakaup. Hinsvegar eru laun embættis- og starfsmanna ríkisins að öllum jafnaði ákvæðin með vissri fjárhæð fyrir árið, sem greiðist með  $\frac{1}{2}$  á mánuði. Til þess að finna út, hvernig flokka beri laun þessara starfsmanna til greiðslu uppbótar á þau, þarf að breyta laununum í tímakaup, og þarf þá að ætlast á um, hve langur meðalstarfstími sé ætlaður starfsmönnum hins opinbera daglega, vikulega o. s. frv. Þar sem starfstíminn er reglubundinn, svo sem á sér stað um skrifstofufólk og kennara, verður þetta áætlað með nokkurri nákvæmni, en daglegur vinnutími ýmsra embættismanna, t. d. héraðslækna, presta og sýslumanna, er svo mismunandi eftir ástæðum, að erfitt er að gera sér nokkra grein fyrir, hvernig laun þeirra verði réttilega lögð niður í tímakaup. Hinsvegar þykir ekki annað hlýða en fylgja sömu reglu um alla, og verður þá óhjákvæmilega að byggja að nokkru á ágizkun. Þykir ekki fjarri sanni að telja meðalvinnutíma em-

bættis- og starfsmanna ríkisins 42 st. á viku, eða ca. 182 st. vinnu á mánuði, ef reiknað er með 26 virkum dögum í mánuði að jafnaði, en það svarar til ca. 270 kr. launa á mánuði, miðað við kr. 1.50 um tímann og 360 kr. á mánuði miðað við 2 kr. tíma-kaup. Þessu samkvæmt mundu laun allt að 270 kr. á mánuði teljast til 1. uppbótarflokks, laun allt að 360 kr. á mánuði til 2. uppbótarflokks og laun yfir 360 kr. á mánuði til 3. og lægsta uppbótarflokks.

Svo virðist sem verðlagsuppbót beri að greiða á öll laun þeirra, er ákvæði 5. gr. ná til. Er þetta bein afleiðing af ákvæðum 2. gr., sem gerir ráð fyrir uppbót á öll laun, hversu há sem þau eru, enda er þetta í fullu samræmi við tilgang þessarar löggjafar, sem er í því fólgin að bæta að nokkru tjón launþega af völdum dýrtíðarinnar, en ekki í því að jafna misjöfn launakjör. Þetta virðist einnig í samræmi við vilja Alþingis, þar sem tillögur, er fram komu í þá átt að binda verðlagsuppbótina við visst launahámark og bornar voru fram í báðum deildum Alþingis, voru felldar með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða.

Hinsvegar virðist sanngjarnt, að við flokkun launanna beri að leggja saman öll þau laun, er hverjum launþega eru greidd á hverjum tíma úr ríkissjóði. Ef t. d. maður nýtur launa úr ríkissjóði samtímis fyrir fleiri störf, þannig að launin fyrir hvert starf fyrir sig falla undir hæsta uppbótarflokk, en samanlögð undir lægsta flokk, ber að reikna uppbótina fyrir öll launin eftir þeim flokki.

Til grundvallar verðlagsuppbótinni ber að leggja þau laun, sem greidd eru, að viðbætti þeirri dýrtíðaruppbót, sem nú er greidd á sum laun lögum samkvæmt.

Verðuppbótin nær einnig til eftirlauna og styrktarfjár samkv. 18. gr. fjárlaga. En hafi sá, er nýtur eftirlauna, einnig launað starf af ríkisfé, ber að reikna verðlagsuppbótina af samanlögðum launum og eftirlaunum.

Nú fylgja hlunnindi embætti eða starfi, svo sem leigulaus bústaður, fritt ljós og hiti o. s. frv., og greiðist þá ekki uppbót af því, og með hliðsjón af 7. gr. laganna ber ekki heldur að reikna uppbót af húsaleigustyrk, sem greiddur er embættis- eða starfsmönnum ríkisins.

Vegna þess að uppbótin munar nú að minnsta kosti tiltölulega litlu á mánuði fyrir hvern launþega, en útreikningur og ákvörðun uppbótarinnar hefir mikið umstang í för með sér, þykir mega við það una, að uppbótin sé reiknuð út og greidd eftir á fyrir hvern ársfjórðung í senn.